



FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í GARÐABÆ 2. FUNDUR Á VORÖNN 2015 MIÐVIKUDAGINN 28. JANÚAR KL.12:35

1. Bréf o.fl. erindi.

A. Umsóknir um leyfi: (sjá minnisblað)

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlök svo fremi sem skólasókn er að öðru leyti góð.

B. Umsóknir um mat á íþróttum, skerta tímasókn, undanfarabrot

Mat á íþróttum:

Umsóknum um mat á íþróttum er vísað til kennslustjóra í íþróttum til afgreiðslu

C. Önnur bréf

Nemandi óskar eftir undanþágu frá þriðja tungumáli til stúdentsprófs af félagsvísindabraut.

Sent til viðkomandi kennslustjóra til umsagnar.

2. Skólasókn

Yfirlit skólasóknar lagt fram (fylgiskjal 1). Miklar framfarir hafa orðið í skólasókn nemenda.

3. Félagslíf og fjármál NFFG

- Gettu betur-lið skólans er komið í keppni í sjónvarpi.
- Fjárhagsáætlun vegna árs hátíðar lögð fram (fylgiskjal 2). Forsvarsmenn nemenda höfðu áhuga á að fá Mýrina leigða en það tókst ekki. Nemendur gagnrýndu að ekki var rætt við þá fyrir ákvörðun bæjarráðs sem tók neikvætt í umsóknina. Árs hátíðin verður haldin í Vodafone-höllinni.
- Söngkeppni skólans verður haldin í næstu viku.

4. Önnur mál

- Breyting á skólasóknarreglum sem kynnt var á síðasta fundi var samþykkt.
- Afgreiðslu á stefnuskrá skólans, sem lögð var fyrir síðasta fund skólaráðs til kynningar, var frestað til næsta fundar.
- Rætt var um einingafjölda til þeirra nemenda sem sinna félagsstörfum.

Fundinn sátu:

Anna Guðrún Hugadóttir náms- og starfsráðgjafi
Ása Lind Finnbogadóttir fulltrúi kennara
Elisabet Siemsen aðstoðarskólameistari og fundarritari
Fríða Gylfadóttir fulltrúi kennara
Kristinn Þorsteinsson skólameistari
Magnús Bjarki Guðmundsson fulltrúi nemenda

Snjólaug Elín Bjarnadóttir áfangastjóri
Tinna Ösp Arnadóttir félagsmálafulltrúi
Tómas Geir Howser Harðarson forseti NFFG
Unnur Símonadóttir náms- og starfsráðgjafi
Þórhalldur Kári Knútsson fulltrúi nemenda